HSK. 571, 4to

37

„Viðar“

2. árg. 3. tölubl.

Ritnefnd:

Hartmann Ásgrímsson Bessi Gíslason

Guðbr. Björnsson

| Bæjarröð | kom | fór |
|---|---|---|
| Víðvík | | |
| Langhús | | |
| Kolkuós | 26 Jan. | 27 Jan |
| Brimnes | 27 " | 28 – |
| Lillihóll | 28 " | 30 – |
| Miklihóll | 30 " | 31 – |
| Kýrhóll | 31 " | 4 – |
| Bakki | 4. febr. | 7 febr. |
| Lækur | ver | |
| Nöfarstaðir | 15 febr. | 16 febr. |
| Sól | | |
| Vatnsleysa | 22 febr. – | 22. |
| Ytri-Hofdalir | 23 | 26 |
| Syðri-Hofdalir | 26 – | 28 |
| Svaðastaðir | 28 – | 2 |
| Hofsstaðir | 2 Mars | 3 – |

4

~~kom~~ ~~fór~~

| Bæjarröð | kom | fór |
|---|---|---|
| | Mars 1914 | |
| Hofsstaða-sel | 3 – | 6 |
| Ásgeirsbrekka | 6 – | 7 |
| Enni | 7 – | 9 |
| Hringver | 9 – | 10 |

# Nýárið

Viðar býður lesendum sín-
um gleðilegt og farsælt ár.
Heyrt hefir „Viðar“ nú um
áramótin þær spár, að hann
mundi ekki langlífur verða.
Slíkar spár lætur hann ekki
á sér hrína.
Viðar vill lifa og
flytja lesendum sínum fróð-
leik og hressingu, og finst hann
eigi svo afar mikið áunnið
og ótalað. Viðar verður að átelja
þá menn eða konur, sem spá
honum feigðar. Kemur í þeim
spám fram eins og víðar ís-
lenska ópalið, og vantraust-
ið á fyrirtækjum þeim, sem
í er ráðist. Þeir mundi þá

sannast. – Fyrst er alt frægast
hvern byrja fyrir takin með
áhuga og fögnuði, en svo kem-
ur áhuginn, letin og þol-
leysið, sem leggja þunga steina
í götu. Viðar, þótt ungur sé
hefir orðið á þessu að kenna. en
hann vill ekki gefast upp, hann
vill verða í mannraunum mestur.
vill sigra örðugleikana með þolni.
og þrautseigju, og heitir á les-
endur sína að bregðast ekki þeg-
ar á Hólminn er komið.
Viðar ber margar og miklar vonir
til nýja ársins. – Hann vonar að
nú með nýju ári komi ~~komi~~
fjörkippir í félagslíf vort, og vill
þar leggja orð í belg. Hann skorar
á sveitabúa, að nota nú tæki-
færið, og koma með hugsanir sínar

fram fyrir almenningssjónir svo
að þær verði ræddar og athugað-
ar, og hrundið síðan í framkvæmd.
Viðar ann fjörinu og áhuganum
og tekur með þökkum hverri
nýtilegri hugsun, jafnvel þó hún
sé ekki fram sett á sem skýru-
legastan hátt. Hér, í sveitafá-
menninu er ekki að vænta and-
legra Grettistaka, en hitt getum
vér, komið með hugsanir okkar
fram fyrir almenning og í bróð-
erni, en þó með kappi haldið
fram áhugamálum vorum.
Viðar hefir þá skoðun að hér sé
margt, sem þörf er að ræða ~~áður~~
áður en hrundið verður í fram-
kvæmd, bæði af félags- og einstakl-
ingsmálum. Skulu hér tínd til
nokkur, svo lesendurnir sjái að

hér eru ekki orðin tóm, og gefist
tóm til að íhuga og senda Viðari
línur við tækifæri.
Heimilin okkar, Vegirnir, Fund-
arhús í hreppnum, Skemtanir
úti eða inni, Samvinnufélags-
skapur, Vinnuskifting í sveitafélag-
inu, Lífsgleði og alvara. Þegnskyldu-
vinnan, Barnauppeldi o.fl.
Hér er af handahófi nefnd nokkur
mál, sjá menn af því hvað Viðar
á mikið áskrafað við fólkið á
nýja árinu.
Ennfremur vill Viðar flytja lesendum
sínum ýmsan fróðleik um merkis-
menn, sem nú er nýdánir, svo sem
sérstaka aflrauna og íþróttamenn.
Hvað úr þessum bollaleggingum
Viðars verður, er undir því komið
lesari góður. Þú mátt ekki ímynda

þér, að Viðar geti orðið fjölbreytt-
ur að efni ef þú leggur ekkert
fram, hristir máske bara höfuðið
er þú hefir lesið blaðið, með
þeim ummælum: „þunnur er Viðar
á vanganum núna". Það má vel vera að
sá dómur þinn sé sannur, en komdu
þá <u>sjálfur</u> með góða smellna grein
sem fiti hann dálítið, en leggstu
ekki upp í rúm, geispandi með
hæðnissvip yfir því léttmeti, sem þér
er boðið í blaðinu.

Viðar er okkur
öllum sameiginlegur, hann étur
engan út á húsganginn, fer í
einskis vasa eftir fé, því getur
hann horft djarft framan í hvern
sem er og sagt: „gjörðu betur sjálfur
Hann vill koma kappi í menn og
þjóð, kappi í að rita hugsanir sínar

og grösa fór á ritvellinum.
Hann vill eyða deyfðinni og hej-
arslaðrinu, og fá mönnum betri
umræðuefni, en hvað sé á borðum
á þessum bænum, hvaða fólk fari
og verða muni kyrt o. s. frv. Viðari
finst sú sveit standa á lágu menn-
ingarstigi, sem matur og granni
eru aðal umtalsefni
Viðar vill auðga sjóndeildarhring
einstaklingsins, kenna þeim að
hugsa út fyrir sinn eigin tún-
garð, vekja í huga lesendanna
smekk fyrir fegurð ~~og~~ i umgengni-
húsabótum, og göfugum drengileg-
um mannskapshugsunum.
Viðar ann íslensku þjóðerni og
trúir því að hér búi menn og fljóð
sem sverja sig í ætt við Gunnar
Njál, Bergþóru og Guðrúnu Ósvíf-

ursdóttur að því er snerti skör-
ungskap og andlegt atgervi
Viðar vill gefa lesendum sínum
tækifæri á að láta til sín taka
þótt ekki sé nema í orðum, en
orðin eru til als fyrst. Með slík-
um hugsunum heilsar Viðar nýja
árinu. Látið nú sjá rausn yðar
Víðvíkurhreppsbúar, látið Viðar
verða feitan og sællegan á vangann
og greiðið götu hans. Viðar
lofar lesendum sínum að flytja
einhvern fróðleik og hressingu,
ámæla því sem ábótavant er en
halda fram sönnu og réttu.
Viðar óskar hverju heimili bless-
unar og árgæsku, og kveður þá
með orðum vestur-íslenska skálds-
ins:
Vöggjum þrótt í líf og ljóð

Lía þáll við höfum.
Kemur náttin næðisgóð
nógu fljótt í gröfum.

G. B.

## Skemtanir.

Það er annars slæmt hvað fólk er orðið innlifað skemtunum. Það er eins og það geti ekki án þeirra verið. Það streymir að úr öllum áttum t. d. að Hólum þegar þorrablót eru haldin og ekki að það sje úr næstu sveitum heldur úr öðrum sýslum. Það sækir ekki eins Guðshús þá kemur það ekki úr öðrum sýslum ~~[illegible]~~ því það er alveg vandræði orðið fólk þegar ekkert um að ~~[illegible]~~ ~~[illegible]~~ Sleppum fundarhús því hvort tveggja mál kallast tómt á þeim dögum sem það tilheyrir. Því er mjer fannst að fólk hafi annað að gjöra með peningsína nú á dögum að minnsta kosti fátæka fólkið sem er um vafið skuldum en sjer ekki eftir þeim þegar skemtanir eru annars vegar. En betra er að það sæti heima og

framhald 36 blsi

## Hreppsvegur.

Eg skal ekki þreyta ykkur á langri grein, er hér þó mikið mál, sem bráðra bóta þarf.

Mál þetta hefir undanfarin ár, verið til umræðu á mörgum hreppsfundum, hreppsnefndin hefir þar átt frumkvæði, og komið fram með ýmsar uppástungur, en því miður hefir aldrei legið fyrir vegakort, er sýndi hvernig ódýrast og hentugast væri að leggja vegi um hreppinn. Svo er þó langt komið í þá átt, að á síðast liðnu sumri, var fengin vegfróður maður til að ferðast um hreppinn, en hann forfallaðist sökum veikinda, og varð þar við að lenda í það skiftið.

Hér vil ég þá spurningu upp fyrir lesendur Viðars. Hvað hefir Viðvíkurhreppur gjört að vegabótum nú tvö síðustu árin. Mér vitanlega hefir ekkert verið gjört. Ókunnugir mundu ætla að aðgerðarleysið stafaði af því, að hér væru vegirnir í því horfi, að ekkert þyrfti við þá að gjöra, sléttir akvegir, sem ekki markaði í spori. En hitt mundi þá síst gruna, að óvíða í byggðu bóli findist öllu argari vegur en um þessa sveit. Ég vil t.d. nefna veginn frá Enni og fram að Hjúfará, hann er viðurkendur hreppsvegur, og þar hafa verið lagðar brýr. En hvernig hafa brýrnar verið síðast liðið ár? Ófærar. Þar eru á stuttum spöl

þrjú rési biluð, og stór hætta ókunnum ferðamanni. Metnaðarmál ætti hreppnum það að vera, að hafa veginn sinn svo, að ekki væri stór hætta um hann að fara. Menn hafa sumar-langt séð slíkan háska vofa yfir en enginn hvatt að, innan hreppsins. Slíkt er sinnuleysi og ~~hrepp~~ hreppnum ósómi að, ekki síst er vegur þessi er fjölfarinn af gestum þeim er fara heim til Hóla.

Skyldi nú ekki vera tiltök að koma þessum vegi annað hvort hreinlega á sýslusjóðinn eða gjöra svo við hann, að hann sé viðunandi, strax á komandi vori.

Gudbr. Björnsson

## Smælki.

Sífeldur þakleki í rigningatíð og þrasgjörn kona — er hvert öðru líkt. Sá er hana stöðvaði gæti stöðvað vindinn og haldið olíu í hægri hendi sinni.

1–1.

Latur maður dýfir hendinni ofan í skálina, en honum verður þungt um, að bera hana upp að munninum aptur

1–1.

Sá sem gefur fátækum líður enganm skort, en þeim sem byrgir augu sín, koma margar óbænir.

1–1.

Vöndur og umvöndun veita speki, en agalaus sveinn gjörir móður sinni skömm. 1–1.

## Smekkvísi

Pétur: Hefir þú lesið þessar nýju sögur, sem komnar eru á prent eftir einhvern Trausta?

Páll: Já — eitthvað hefi eg nú heyrt úr þeim, en þetta er tómur skáldskapur.

Pétur: Ólyfir lekur þó árans bullið úr honum Einari Hjörleifssyni ein sagan er um syndir annara, hún var lesin á vökunni, en mér þótti ekki meira til hennar koma en það, að eg steinsofnaði undir lestrinum.

Páll: þessu trúi eg kunningi; það er víst alt á eina bókina lært fyrir honum, líkt fór fyrir mér, eg ætlaði

að lesa sögu, sem Jónki
lánaði mér og nefnd. „Ofur-
efli." Eg byrjaði á fyrstu
síðunni, og hætti svo.
Bíður líklega að eg taki
mér bók í hönd eftir þann
náunga.—

Pétur: Svo hefi eg nú nýlega lesið
sögur, sem þeir kalla æfin-
týri. Það er nú ljóta vit-
leysan. Þetta er tóm lygi

Páll: Eg kannast ekkert við <u>þær</u>

Pétur: Sá sem hefir samið þær minn-
ir mig að heiti Anderson, ein
sagan er um móður, sem grét
úr sér augun, og dáið inn +
slæddi þau svo upp úr sjónum

Páll: (hristir höfuðið) Aðra eins vitleysu hefi
eg nú aldrei heyrt, en að menn
skuli vera að prenta slíkt rugl.

Pétur: Eg er þér sammála. En
hvaða sögur þykir þér nú bestar
af þeim sem þú hefir lesið?

Páll (íbygginn) Því er fljót svarað.
Það er hann <u>Valdimar munkur</u>

Pétur (kemst á loft) Þetta þótti mér vænt
um að heyra, það er auðheyrt
að þú hefir vit á að dæma um
bækur. Þetta er saga sem vert
er um að tala. Þarna er hvert
orð satt, Eg er viss um að það
er besta bókin.——

Páll: Satt er það lagsi, en ekki er þó
„<u>Capitóla</u>" síðri.
Getur þú ekki sagt mér hvar
hægt væri að fá þessar bækur
keyptar?

Pétur: Eg veit af einum manni sem á
þær, en hann mun ekki láta þær
hvað sem í boði er.

(a)

## Símfregnir.

1. Bruni varð mikill í Bergen í Noregi 14. þ.m. Mikill hluti miðborgarinnar brann á skömmum tíma, vegna hvassviðurs, varð eldurinn ekki stöðvaður. Skaðinn er metinn 100 milj. kr. Húsvilltir menn 3000.

2. Nýskeð hafa "tveir" trollarar úr Reykjavík selt afla sinn í ~~Eng~~ Englandi fyrir 63,000 kr. 58 þús. Er það hærra verð en áður hefir heyrst.

3. Svarfellingar hafa gefist upp fyrir þjóðvegjum.

## Slysfarir

Hinn 6. þ.m. eða á þrettánda fór 5 manns frá Akureyri áleiðis austur í Fnjóskadal.
Það var: 3 systkin frá Brunná, 1 piltur og tvær stúlkur, unglingspiltur af Hótel Akureyri og stúlka úr húsi Lillendals Akureyri.
Það lagði á stað á hádegi hreppti hríð á Vaðlaheiði, og villtist, lenti í ófærð, og um nóttina uppgafst piltur inn af Hótelinu varð veikur og dó, þá hélt hitt áfram þartil stúlkurnar uppgáfust, og lögðust fyrir, en

piltinum frá Brunná, komu niður að Steinkirkju í Fnjóskadal. Var þá undireins leitað að stúlkunum, og fundust, og þeim komið til bæja, en þá var önnur systirin frá Brunná svo langt leidd að hún dó. Á Laugardag næsta var leitað að piltinum, sem dó fyrst og fanst hann.
Það 3, sem lifði eftir þessar hrakfarir, er búist við að fái, fullkomin þrótt aftur og heilsu.

(Símfrétt)

Kolhvöl 10/1 16

[illegible]

## Lausar vísur.

Í Guði þínum, gleð þig mest.
og gæt hins sanna.
Herrans vegin haltu best
til himins ranna

Ljósið bjarta lausnarans
þjer lýsi á vegi
Svo ... átt ... að tilbiðja
en aðra eigi
innan bæði og utanlands
angri granda megi ...

## Heilræði fyrir ungu stúlkurnar

Hvorki ræður lag nje list,
legg við káta drengi,
þeirra sleðum þú verjist
þinn á hæðum Guð óttist

Frómann hygginn þekktan þjer
þú skalt velja ráðum
þenk sá tryggur öðrum er
eins má dyggur verða mjer
A. N.

## Hjónabandsástin.

Annað tölubl. Viðars fyrra árg. flutti grein með þessari fyrirsögn eftir Þorgrím bónda Helgason. Eg hefi litist við það fleiri leggðu orð í belg, en allir þegja. Langar mig því til að segja nokkur orð í þá átt, til ungu stúlknanna þó eg hafi aldrei gengið þá braut sjálf

Eg las nýlega í þjóðsögunum okkar æfintýrið um Helgu karlsdóttur í öskustónni, sem liðdi þar, þar til kongssonurinn vakti hana af svefni og gjörði hana að drottningu. Er ekki þessu þannig varið enn, þrátt fyrir alt jafnrjettið. Eru það ekki ætíð karlmennirnir, sem hafa töglin og hagldirnar í ástamálum.

mér datt því í hug að bera þá spurningu upp fyrir lesendur „Viðars", ef einhver vildi svara: Hvort það muni ekki vera einn hluti af stefnuskrá kvennréttindakvennanna: að <u>konur biðji sér manns</u>.

Mig langar í fáum orðum að segja <u>mitt</u> álit. Hvers vegna ætti konan endilega að bíða eftir því að karlmaðurinn biðji hennar, ef henni fellur hann vel í geð og hún kýs sér að lifa og deyja með honum. Sú stúlka sem biður sér manns, verður að athuga vel, af hvaða ástæðum hún ætli sér út á þá erfiðu og vandasömu braut. Hvort sem hún nú biður sér manns eða ekki; verður hún að vera þess fullviss, að það sé sú <u>rétta</u> ást, sem hún hefir í nesti er hún leggur á stað upp á örðugasta hjallann, – hjónabandsástar hjallann.

Við könnumst öll við söguna „Örðugasti hjallinn", eftir okkar <u>ágæta</u> söguskáld Einar Hjörleifss. Þórdís kvennsöguhetjan, giftist en vantaði þetta nesti. Hvernig fór? Það vitum við öll. Hjónabandið var „gott" eins og oft er komist að orði, þegar talað er um hjónabönd, – en það var kærleikssnautt. Hún var í álögum, eins og Helga í æfintýrinu. Var frosin inni, þar til kongssonurinn (Ásgeir sýslum.) kom, og leysti hana úr álögunum með <u>kossi</u>.

Þess vegna verður það hjónaband <u>tilkomulítið</u> í mínum augum, sem byggt er á praktískum

grundvelli, án ástar.
Ég játa að það getur verið slétt á yfir borðinu, getur farið vel, sem kallað er, en sú persóna sem giftist, án ástar, jafnvel þó auður og metorð hafi legið til grundvallar, hlýtur, fyr eða síðar að finna, að hún er í álögum —. Ég hefi heyrt menn halda því fram, að ástin væri ~~aðeins~~ hugmyndaflug, sem ætti aðeins heima hjá skáldum og móðursjúkum konum, hjónabandið væri hið ákjósanlegasta ~~aðeins~~ ef nógur væri auðurinn.

Ungu stúlkur!

Eins og þið sjáið á undirskriftinni lá ekki leið mín inn í hjónabandið. Samt sem áður, vil ég ráðleggja ykkur að ganga ekki út í það, nema þið séuð þess fullvissar

að það sé af einlægri ást, en ekki augnabliksskoti, og sem þið giftist, og séuð þess albúnar að bera jafnt meðlæti sem mótlæti, með manninum, án möglunar, hvort sem þið nú liðþið hans eða ekki, því ráðið þið auðvitað sjálfar.
Hættið ekki á, að ástin lifni með sambúðinni, þó það geti átt sér stað, sem þó aðeins er undantekning — því að oftar heyrum við talað um að ástin kólni í hjónabandinu en hitt að hún lifni.

Þið kannist við grein í fyrra árg. "Viðars" næst síðasta tölubl. er höfundurinn nefndi „Menning í sveitum." Fjallaði hún um ýms mál er snerti almenning, meðal annars: að hver maður eða kona, sem ætluðu sér í hjónaband, gengju áður undir

próf. Þessa ágætu tillögu ættuð
þið vel að athuga, og búa ykkur
á unglingsárunum sem best undir
að geta staðist þetta próf.
Því miður veit eg ekki hvað
höfundur álítur að varði mestu
hann skýrir það seinna fyrir
ykkur, en eg þykist vita að hann
telur ástina byggða á réttum
skilningi, undirstöðu atriði
giftingaprófsins.
Þegar eg hefi heyrt hvern undir-
búning höfundurinn telur nauð-
synlegan undir hjónabandið
mun eg tala frekar við ykkur
um húsmóðurstöðuna og þær
skyldur er henni fylgja, því að
eg býst ekki við að þið munið
velja ykkur þá braut sem eg hef
valið mér.

Piparmey.

## Miðsvetrarpróf 1895.

á Möðruvöllum

(Sungið fyrir prófið)

1. Um prófið gef þú Guð minn mér
eg gjarnan hugsa megi,
að lestrartímum liðnum er,
það lát mér gleymast eigi,
mitt hjarta upplýs Hjaltalín,
að hræðist eg ei strykin þín,
ne nótaben mig beygi.

(Fyrstu tímar eftir próf.)

1. Hjaltalín kom með hýru bragði,
og hugði vandlega blöðin á,
í nefið tók og síðan sagði,
sjáið nú til og hlustið á,
hver ykkar villan var nú verst,

eg veit í hverju hún iunifelst.
2. Gekk ykkur illa að greina brugg
(glottandi hann kvað og snýtti sér)
samt er eg ei svo af því hnugginn
af því sögnin töpuð er.
„skýrar veigar þar skjöldur lá"
skilja má tvenna vegu á.
( Stefán:)
3. Hávaðakraftur hvað er þetta!
Hvernig geti þið villst á því?
ei má það framar ykkur pretta,
að ei þarf að hella vatninu í
eins og þetta fá allir séð,
eru þið á því hreina með?
4. Landafræðin var langtum betri
líta þótt hana verði eg á,
hitastig rétt á hverjum vetri,
hafið þið allir giskað á,
en á þarfar töldud ánnar þá
eins og Royma og Limpapá

5. Monsun vindunum má ei gleyma
(marg aft ykkur þeir hrøysla hér)
í Yndlandshafið ei allar streyma
ánar sem hafið talið þér
Malakkaskagans mjórri tá
megið þið ekki ruglast á.
6. ( Bréin )
6. Aum er danskan hjá ykkur greyin
aldrei lærið að brúka dem,
sjálfur nú er eg sjúkdóms slegin
og sjálfsagt er eitthvað vitlaust enn,
Yngimar! Hvar er yðar blað?
Eitthvað ~~þarf~~ verð eg að skoða það.
7. Þér finnið mun á Ros og Rose
reynið þér nú að skilja það
eins og til dæmis Mos og Mose
mikill dauði er að vita það
að þér skuluð ei enn þá sjá
eftir nálega vetur þrjá (tárfellir)
8. Aumlega gengur enn að reikna

óskööp er hreint að vita það,
alt þetta má með einu teikna,
ekval, plús það er einmitt það,
hlutföllum flestum feilað er,
fáorleg sú villa þykir mér.
9. Söguna gengur seint að læra,
svo að kunnátta nokkur sé,
en árbölin gengur greitt að læra
~~læra~~ (gekk Margrét flestum illa í té)
alt er á reiki og rugli þar,
og rangnefndar eru borgirnar.
( Sungið eftir próf )

Liðin er prófsins langa mæða
léttist hugur og kætist geð,
nótaben rekka ei néðu hræða,
þótt rauðu strikin væri með,
vöntunarmerki og vitlaus ár,
varð mönnum eigi þungbært þá.

Fréttir úr sveitinni.

Mánudaginn 3ja jan. s. l.
héldu nefndirnar, sem kosnar voru úr Víðvíkur og Hóla-
hreppum, til að koma á stofn hjúkrunarfélagi fund með
sér í Víðvík.
Gjörðir fundarins voru þessar:
1. Samið og samþykkt upp-
kast að lögum fyrir hjúkr-
unarfélag Víðvíkur prestakalls.
2. Ráðin hjúkrunarkona ungfrú
Ingibjörg Sigfúsdóttir til 3ja
ára, hún dvelur nú við hjúkr-
unarnám á Sauðárkrók.
3. Hjúkrunarkonan á sjálf
vinnu sína, en fær ákveðið
dagkaup, þegar hún hjúkr-
ar, sem er að vetrinum 80 aur.

á dag, vor og haust 1.50 og um sláttinn 2.50.
4. Ákveðið er að halda stofnfund í febrúar og eru menn beðnir að greiða tillög sín á fundinum, en lágmark þeirra er 1 kr.

1-1.

Nú næstu daga halda hreppsnefndirnar í Víðiker og Hólahreppum fund með sér á Hólum verða þar lagðir fram afréttar reikningarnir endurskoðaðir og rætt um afréttina og fjallskil, búist við fjörugum fundi.

1-1.

Garðakot sagt enn þá óselt, síðasta tilboð 5000 kr. fyrir utan „þriar húsið" menn þá Kot ið vera orðið fullselt.

## Ástfanginn.

Orð þetta vekur ólíkar hugsanir. Hjá sumum er við það bundið, endurminning yndislegustu stunda lífsins, hjá öðrum, sárar minningar horfinna vonna. Um slíkt er ekki að fást, liðin stund, verður ei aftur tekin, en það er mikið á voru valdi, hvað vel tekst í lífinu, að varðveita ástblýjuna og unaðinn, sem orð þetta vakti, hjá þeim sem ganga í hjónabandið.

Eg hefi talað við greindan mann um það, hvort ástin hlyti að kólna í hjónabandinu eður ei. Hann hélt því fram að ástblýjan og unaðurinn stæð

aðeins í tilhugalífinu, svo
viðkvæmir gestir fyldu ekki
baráttu lífsins og hret þess.
Ég var þá á annari skoðun og
er það enn, álít að varðveita
megi ásthlýjuna í sambúðinni
og vináttuböndin treystist, eftir
því sem hjónin kynnast betur og
vinna meira saman.
En hitt skal ég játa að ást~~hlýj~~-
hlýjan er viðkvæm og því verða
hjónin vel með hana að fara eigi
hún ekki að verða brottræk.
Það álít ég að hjónin geti lært
af tilhugalífinu.
Í tilhugalíf-
inu eru hjónaefnin sérstak-
lega viðkvæm fyrir öllum ytri
áhrifum, finst þá sjálfsagt
að halda sér til hvort fyrir

öðru, og eru vandlát með það
að sú tilhaldssemi sé til yndis
og gleði. Í hverju tilhaldið kem-
ur fram, er komið undir lífsskoð-
un og lunderni tilhaldseiganda.
Venjulega kemur það fram í öllu
fasi bæði til orða og verka.
Mér hefir virst breyting verða
á þessu strax þegar hjónin eru
gift, sérstaklega er kemur til
kasta konunnar. Bólar þá tals-
vert á þeirri skoðun, : nú þarf
konan ekki framar að halda sér
til fyrir bónda sínum, nú er
hennar hlutverk að sökkva
sér niður í störfin, ganga í
alt, hlífa sér við engu, og láta
sjálfar sig sitja á hakanum.
Vorkun er sumum konum þó
þeim gleymist tilhaldið í

önnum lífsins og krakka-
frasi. En hér er um mikils-
vert atriði að ræða í sambúð
hjónanna. Hlutverk konunnar
er ekki að vera þerna á heimil-
inu heldur húsfreyjan, og þá
er snyrtileg framkoma og smekk-
legur búningur, einkaskilyrði
þess, að hún varðveiti áfram
ásthlýjuna í huga bónda síns
og vinni virðingu heimilisins.
Ég álít að í þessu efni ráði
maðurinn engu minna um
en konan.
Hvað vilja mennirnir láta
konurnar sínar verða?
Vilja þeir láta þær verða þern-
ur, sem hjúin og börnin heimta
af sjálfsfórn og þjónustusemi
eða vilja þeir láta þær verða

aðalskonur, sem bera sig fjálsmannlega, og koma snyrtilega
fyrir, en stundi þó húsmóðurstörf-
in

„Þegar hjónin eru gift er til-
haldinu lokið," munu ekki
að mörg hjónaband stranda á
þessu skeri. Hjónin þurfa að
halda sér til hvort fyrir öðru
sérstaklega konan, virðing hennar er í veði.
Börnunum er hollara að líta
upp til hennar mömmu sinn-
ar með lotningu, en skipa henni
og láta hana stjana við sig.
Hjón! varðveitið viðkvæmu
ástina frá tilhugalífinu, svo
að hjónaástin styrkist, en kólni
ekki í sambúðinni

P......

## Gullhjartað.

Einu sinni var veslings drengur einn, er fyrir mörgum árum var búinn að missa föður sinn, og lá nú móðir hans einnig veik og leit ekki út fyrir að henni mundi batna bráðlega, því að hún þjáðist af megnri hitasótt. Oft runnu tárin niður kinnar hans, er hann stóð við rekkju móður sinnar, og margsinnis varð hann að snúa sér undan, svo hún sæi ekki hve sorgbitinn hann væri.– Á hverjum degi er móðir hans var vöknuð, úr órólega svefnmókinu, gekk hann að rúmi hennar og spurði: „Ertu betri í dag elsku mamma mín." Hún reyndi að sýnast hressari en hún í rauninni

var, lagði hönd sína á höfuð hans og sagði: Já elsku Fritz minn eg er mikið betri í dag. En batinn var enginn, og orðin einungis sögð, til að hughreysta hann, því með sjálfri sér fann hún að þrótturinn þvarr með hverjum degi. Heimilið varð bjargarlaust og er Fritz sá, að móðir sín varð veikari og máttfarnari með hverjum degi gat hann ekki lengur afborið að horfa á þessa eymd, svo einn dag er móðir hans blundaði, læddist hann hljóðlega út, með þeim ásetningi að biðja góða menn hjálpar. Það sem mest hvatti hann til að fara þannig að, var að hann hafði heyrt fátækra læknirinn segja: „Já kæra kona, um fram alt verður því að hafa kjarngóða fæðu

það er eina og besta meðalið
sem ég get ráðlagt þér.
Það lagðist þungt á Fritz að vita
að móðir hans þurfti þessa með og
vera svo aumur, að geta ekki hjálp-
að henni neitt. Hve heitt bað
hann til Guðs, að hann hitti
fyrir gott fólk, þegar hann gekk
á stað, með körfu sína á hand-
leggnum, til að biðja hjálpar, en
honum varð ekkert ágengt. Þar sem
hann kom, var annaðhvort ekki
opnað fyrir honum, eða þá, þar sem
opnað var, hurðinni skelt aftur
fyrir framan nefið á honum, þeg-
ar búið var að heyra erindi hans.
Hugrekki hans þvarr við þess-
ar undirtektir, en sárt var að ~~fa~~
fara heim með tóma körfuna.
Eina tilraun vildi hann enn

gjöra, og gekk því heim að bóndabýl-
inu. Bóndinn var efnaður, og Fritz
trúði ekki öðru, en hann mundi
gefa eitthvað, til styrktar sjúkri
og fátækri ekkju.

Fritz barði að dyrum
og bónda er sat að kvöldverði
gramdist ónæðið, gekk nöldrandi
til dyra og spurði hvað hann
vildi. En er hann heyrði erindið
varð hann yfrið reiður og sagði
„Ég vil ekki hafa neinar betli-
kindur": þeir sem ekki nenna að
vinna eiga ekki heldur mat að fá
Yfir hverjum fremlinum stendur
þú þarna glápandi, slæpingurinn
þinn? Ef þú snautar ekki strax
burt, letingi, siga ég hundunum
á þig. Framhald

(Heimilisblaðið).

## Karlmenska:

Jón heitinn afi Sigurjóns á Íslandi og systkina hans þótti afburða Karlmenni og hörku stál, hér er eitt dæmi.
Jón heitinn var seint um haust einn á ferð norðan yfir Öxnadalsheiði, jörð var frosin, en hestur hans illa járnaður.
Í gili einu á heiðinni hrapaði hestur og maður. Hesturinn meiddist stórkostlega, en Jón fótbrotnaði. Hér voru góð ráð dýr. Tók Jón hníf og skar hestinn, en skreið sjálfur alla leið heim að Kotum um nóttina var það karlmannlega gjört.

G.

Vilji lesendur Viðars bæta við smásögum um hraustra menn, er hér sett auth blað.

framhald.
að taka sjer eitthvert verk í hendur og
fá peninga fyrir það og verja þeim til
einhvers sem þarflegt er, en skemtanir
eru óþarfi á allan hátt. Þá er fólk
ekki hrætt um að það fái tæringu
eða einhverja veiki í sig en ef það kyssi[s]
koss á ekkert skaðlegra ~~að~~ að vera til
minnstakosti sagði vidar það í fyrra en
það virðist mjer vera þvert á móti að skemt-
anirnar hafi frekar þessháttar í för með
sjer því þegar fólk svitnar og er svona
~~fast~~ nærri hvort öðru og ókregnt loft er í
húsum þá sýnist mjer vera hætta á ferðum
ekki síður en þegar kyst er. Handaband get-
ur smittað líka Hættið þessvegna að halda
þessar skemtanir minnsta kosti þangað til
eitthvað lækkar í verði þá getur þið tekið til
aftur ef ekki er hægt að lifa án þeirra en nú
er það ekki nema fyrir ríka fólkið það er komið
svo mikið gjálífi í fólkið að mjer ofbýður.

Hulda.

## Kvöld:

Gamall siður var það, að þeg-
ar góður lesari hafði flutt
fram rindli sitt alþjóð til
skemtunar, þá mátti hann
kjósa sér sögulaun.
Ritnefnd „Viðars" hefir lagt
á sig nokkurt erfiði við að
koma út blaðinu og kýs sér
nú sögulaun:
Bestu sögulaunin sem hún
getur óskað sér eru þau, að
Viðar veki endurminning
lesendanna um gamlar góð-
ar kvöldstundir. Kvöldstund-
ir er allir heimilismenn sátu
við vinnu sína, en einn las
eða kvað rímur hinum til
fróðleiks og skemtunar.
Yfir slíkum kvöldum vakti

þjóðernis og heimilisblær, hér var svo meistaralega sameinað mentum hugar og handar. Getum vjer ekki að því leitt, hve mörg gullkorn hafa á slíkum kvöldum festst í huga íslenzkrar alþýðu. Hér var andl. og stundleg gullgryfja, sem þjóðin má ekki missa úr lígu sinni. Viðar óskar lesendum sínum margra slíkra kvelda, þá mun iðjusemi og heimilisást aftur vinna hugi hinna yngri manna og kvenna, er að því vinnum við sameiginlega styðjum kvöldum uppi skemtunum heima fyrir, styðjum heimilis iðnað og heimilisfrjósleik.

Viðar bíður svo lesendunum gott kvöld.